



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 8. júní 2023:

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stiga í Breiðholti.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 31. maí 2023:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um stiga sem byggður hefur verið á milli efra og neðra Breiðholts í Bökkunum. Um er að ræða „vúlgar galvaníseraða járnþák“ eins og honum hefur verið lýst. Mikil ólga og óánægja er meðal íbúa um þennan járnstiga og finnst mörgum hann stinga í stúfvið umhverfið.


- Hver tók ákvörðun um uppsetningu hans?
- Hver er kostnaður við stigann?
- Var haft samráð við íbúa í grennd, grenndarkynningu?
- Var rætt við þá sem búa í íbúðum sem sjá stigann út um glugga sína?
- Fram kemur í frétt að um sé að ræða þrekstiga sem valinn var til framkvæmda í íbúakosningu í Betri Reykjavík fyrir tveimur árum. Er það venja að framkvæma vinna verk sem valið er í íbúakosningu án umræðu?
- Hvar er hægt að sjá niðurstöður þessara kosninga og að umræddur þrekstigi hafi verið þar valinn með afgerandi hætti?

Svar:

Þrekstigi úr Neðra-Breiðholti upp í Efra-Breiðholt er verkefni sem kom í gegnum verkefnið Hverfið Mitt en markmiðið með því verkefni er að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku um val og forgang verkefna sem íbúar vilja sjá framkvæmd í sínu hverfi.

Hverfið mitt er lýðræðisverkefni sem fer fram á tveggja ára fresti. Þar gefst íbúum í Reykjavíkurborg kostur á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi með því að koma með hugmyndir að nýjum verkefnum sem gerir borgina okkar betri. Ferlið hefst á hugmyndasöfnun þar sem íbúar senda inn hugmyndir að verkefnum. Að lokinni hugmyndasöfnun fer nefnd starfólks á vegum Reykjavíkurborg yfir yfir hugmyndirnar og metur hvort þær uppfylli reglur verkefnisins. Af þeim hugmyndum fara 15 vinsælustu hugmyndir í hverju hverfi sjálfkrafa áfram. Íbúaráð hverfisins velur svo 10 hugmyndir til viðbótar. Eftir kosningarnar fer fram ferli hönnunar, ásamt samráði við nærsamfélagið áður en hugmyndirnar sem voru kosnar eru framkvæmdar.

Tímalína verkefna í Hverfinu mínu er eftirfarandi:






Reykjavíkurborg

Þrekstigi úr Neðra-Breiðholti upp í Efra-Breiðholt er hugmynd sem kom frá íbúa og var kosin af íbúum Breiðholts til framkvæmdar. Niðurstöðurnar úr íbúakosningunni voru kynntar í íbúaráði þann 7. febrúar 2022.

Kostnaðaráætlun sem fylgdi hugmyndinni var 36 milljónir kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Hverfið mitt 2020-2021

Samráðsverkefni Reykjavíkurborgar við íbúa um forgangsröðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda í hverfum Reykjavíkurborgar

Niðurstöður rafrænna kosninga sem fram fóru dagana 30. september 2021 til hádegis þann 14. október 2021

Íbúaráð Breiðholts

Ár 2022, mánudagur, 7. febrúar, var haldinn 26. fundur íbúaráðs Breiðholts. Fundurinn fór fram með fjarfundarbúnaði og hófst kl. 16.33. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Sara Björg Sigurðardóttir, Geir Finnsson, Jórunn Pála Jónasdóttir, Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir, Ágústa Ýr Þorbergsdóttir og Alda Líf Guðmundardóttir. Fundinn sátu einnig með fjarfundarbúnaði, Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Þráinn Hafsteinsson.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á verkhönnun verkefna í Hverfið mitt – Breiðholt.

Íbúaráð Breiðholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Breiðholts fagnar góðri þátttöku Breiðhyltinga í kosningu Hverfis míns 2021 og er það sérstakt ánægjuefni að um metþátttöku hafi verið að ræða. Það verður skemmtilegt að fylgjast með þeim verkefnum sem kosin voru til framkvæmda og munu þau vafalaust efla Breiðholt til muna. Til hamingju Breiðhyltingar!

Bragi Bergsson og Eiríkur Búi Halldórsson taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

2. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 27. janúar 2022 vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarnesveggar 3. áfanga – ósk um umsögn. Frestað.
3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 20. janúar 2022 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Frestað.
4. Fram fer kynning á vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar.
5. Fundadagatal íbúaráðs Breiðholts. Samþykkt.
6. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
7. Lagðar fram greinargerðir vegna styrkja úr Hverfissjóði. Þessi liður fundarins er lokaður.

Fundi slitið kl. 17:32

Sara Björg Sigurðardóttir

Geir Finnsson
Jórunn Pála Jónasdóttir
Alda Líf Guðmundardóttir

Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir
Ágústa Ýr Þorbergsdóttir